

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

15. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 14. 3. 2017 kl. 19:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Sunna Sigurðardóttir, Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir og Berglind Pétursdóttir.

Fundargerð ritaði: Íris Svavarsdóttir

1. Fimleikastiginn 2017-2021 – frá TKV – til samþykktar

TKV lagði fram tímalínu og kostnaðaráætlun fyrir nýjan Fimleikastiga.

Berglind Pétursdóttir formaður TKV fylgir málinu eftir, leggur áherslu á mikilvægi fimleikastigans og hvað hann sé mikilvægur fyrir grunn íslenskra fimleika.

Arnar Ólafsson spyr út í nánari útlistun á kostnaðaráætlun.

Berglind svarar því til að nú sé verið að rukka fyrir þá vinnu sem að fram fer. Síðast hafi gríðarleg vinna farið í gerð fimleikastigans. En upphæðin sem greidd var þá var ekki mikil. Sólveig spyr hvort að tækninefndin geti ekki verið vinnuhópurinn. Berglind tekur ekki illa í það, bendir á að það er alltaf erfitt að ákveða hver sé í vinnuhópnum því að fleiri sækjast eftir því að að vera í honum heldur en þörf er á.

Stjórn samþykkir að leggja 1.000.000 krónur í íslenska fimleikastigann og leggur til að framkvæmdarstjóri geri samning við TKV líkt og áður hefur verið gert við TK.

2. Erindi frá TK vegna tilnefningar dómara á EM – til samþykktar

TK tilnefndir dómara á Evrópumótið í Rúmeníu

Erindi samþykkt.

3. Styrkur frá Rannís – til upplýsinga

Sólveig upplýsir stjórn um að Fræðslukerfi FSÍ hafi fengið úthlutaðan styrk úr Íþróttasjóði upp á 150.000 kr

Verkferill um dómaramámskeið – til upplýsinga

Fræðslufulltrúi lagði fram verkferil um dómaramámskeið





Verkferill – Gagnrýnt var að kennarar viti ekki að því að spurningarlistar séu sendir út á nemendur. En sé komið svona ferli þá.

Verkferill samþykktur af stjórn sem lifandi skjal.

4. Fundargerð 4. fundar THF – til upplýsinga

5. Önnur mál

Íris Svavarsdóttir kynnir þá ákvörðun sviðsstjóra mótamála, framkvæmdarstjóra og THF að seinni dagur á Íslandsmóti í hóp fimleikum fellur niður. Allir titlar verða veittir á fimmtudegi. Stjórn tekur vel í það og setur sviðsstjóra mótamála í að senda út tilkynningu þess efnis á félög.

Fundi slitið kl. 20:30

16. fundur stjórnar verður haldinn þann 28. mars kl. 19:00

